



EFLUM BÓKAKOST HEIMILANNA

Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar á Degi bókarinnar

Það er við hæfi að alþjóðlegur dagur bókarinnar, sem reyndar er líka fæðingardagur Halldórs Laxness, skipi virðingarsess í almanaki þjóðarinnar. Rithöfundar, útgefendur og bóksalar hafa undanfarin ár tekið höndum saman og efnt til fjölbreyttrar Viku bókarinnar og tengt hana þessum degi.

Nú er blásið til viðamikillar herferðar undir heitinu Þjóðargjöf og er henni er ætlað er að hvetja til aukins lestrar barna og ungmenna enda er lestur í hefðbundnum skilningi undirstaða þekkingar, lykill að virkri og lýðræðislegri þátttöku í samfélaginu, forsenda þess að einstaklingar hafi burði til að meta upplýsingar og nýta þær í lífsbaráttunni.

Tækifæri til að þroskast og ná árangri í leik og starfi byggjast meðal annars á lestrargetu og uppvaxandi kynslóðir þurfa að eiga greiðan aðgang að hinum mikla þekkingarforða sem bundinn er í bókum.

Við vissum raunar harla fátt um uppruna okkar og sögu ef ekki hefði verið sú ástríða forfeðra okkar og formæðra að skrásetja frásagnir af náttúruhamförum og stórviðburðum og ekki síður sögur af lífi venjulegs fólks, af hversdagslífi og hvunnudagshetjum. „Skáldskapur og bókmentir hafa einlægt verið miðþýngdarstaður þjóðlífs á Íslandi,” sagði Halldór Laxness.

Margir hafa lýst áhyggjum af því að hinn bóklegi þráður sé að trosna og kunni jafnvel að slitna á komandi árum. Þeir benda á minnkandi lestur ungmenna á bókum og blöðum sem og vaxandi kröfur um einfaldari og myndríkari framsetningu á upplýsingum.

Það er vitaskuld áhyggjuefni ef hefðbundinn bóklestur er að dragast saman, en breytt landslag menningar og kynslóðamunur fela líka í

sér að á sama tíma og börnin lesa minna af bókum eru þau læsari á tölvur og tölvutexta og kunna betur að nýta sér upplýsingatækni en hinir eldri.

Vinsældir sumra þeirra bóka sem út hafa komið á síðari árum og ætlaðar eru yngstu lesendunum hvetja okkur einnig til að horfa með bjartsýni fram á veg. Það gera líka kynni af fjölpættu starfi sem unnið er í skólum landsins þar sem börnin verða handgengin tungumálinu á fjölbreyttan hátt, tjá sig kröftuglega í máli og myndum, skrifa ritgerðir, yrkja ljóð, segja sögur, gefa út blöð og taka þátt í lestrarkeppnum.

Ég færi íslenskum útgefendum og bóksölum bestu þakkir fyrir að hvetja fjölskyldur til að huga að bókakosti heimilanna og gefa sér stundir til að gleðjast saman yfir góðum sögum, fróðleik og ljóðum eða öðru því sem varðveitt er í bókaskápnum.